


# VÍN BLAÐIÐ

1. tbl. 3. árg. febrúar - apríl 2005



VÍN  BÚÐ  
*lífur, lærum & njótum*

Vöruskrá Tapas ¡Olé! Kynning á vínunum frá Spáni og Portúgal Grenache





## E F N I S Y F I R L I T

<b>FRÁ FORSTJÓRA</b> 3	<b>VÖRUSKRÁ</b> 20
Ábyrgð gestgjafans	Rauðvín 20
<b>FRÉTTIR</b> 4	Kassavín 35
¡Olé! Kynning á vínum frá Spáni og Portúgal	Hvítvín 36
Hvað veist þú um áfengi?	Rósavín 43
<b>VÍNHÉRUÐ SPÁNAR OG PORTÚGALS</b> 5	Freyðivín 43
<b>TAPAS – SPÆNSKIR SMÁRÉTTIR</b> 6	Lífrænt ræktuð vín 44
<b>MOLAR ÚR ÝMSUM ÁTTUM</b> 9	Styrkt vín: Sérrí, Madeira, Portvín 45
<b>¡SALUD!</b> 10	Óáfeng vín 45
<b>GRENACHE</b> 14	Síder 46
<b>NÝTT Í KJARNA</b> 15	Ávaxtavín 46
	Kryddvín 46
	Aperitif 46
	Cognac 47
	Armagnac 48
	Brandí 48
	Calvados 48
	Grappa 48
	Viskí 48
	Romm 49
	Tekíla 50
	Vodka 50
	Gin 50
	Sénever 51
	Akvavit 51
	Anís 51
	Snafs 51
	Líkjör 51
	Bitter 53
	Áfengt gos 53
	Aðrar tegundir 53
	Bjór 55
	<b>VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ</b> 58
	<b>AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA</b> 79

**Vínblaðið**, 1.tbl. 3. árg. febrúar/apríl 2005

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Höskuldur Jónsson • Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir

Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Páll Sigurðsson, Þórdís Yngvadóttir

Greinar eftir Christina Heina Líman, Pál Sigurðsson, Kristinn R. Ólafsson

Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon • Myndir: Andreas Bennwik,

www.corbis.com, Gunnar Sverrisson, Sigrún Kristjánsdóttir

Hönnun: Fiton ehf. Umbrot: ÁTVR • Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is  
Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

## ÁBYRGÐ GESTGJAFANS

Stefna og leiðarljós ÁTVR er að gera viðskiptavini ánægðari og að þeim þyki gaman að versla í vínbúðum og njóti áhugaverðrar fræðslu um tengingar matar og vína. Öll útgáfustarfsemi er miðuð við þessa stefnu.

Ýmsar leiðir eru reyndar til að auka ánægju viðskiptavina. Það er lögbundið hlutverk ÁTVR að kynna almenningi þær vörur sem á boðstólum eru. Þetta er gert með útgáfu Vínblaðsins, fréttum á vefnum [www.vinbud.is](http://www.vinbud.is) og með ýmis konar útgáfu smárita. Fyrir jólin dreifði ÁTVR upplýsingum um vín með jólamatnum með Gestgjafanum og þar með inn á heimili, sem höfðu ekki óskað eftir heimsendingu slíkra upplýsinga. Viðtakendur voru ekki allir sáttir við þessa tilhögun. Sjálfsgagt er að taka tillit til þeirra sem ósáttir voru. Ljóst má vera að gæta ber mikils hófs í sendingu dreifirita í heimahús og þá sérstaklega þegar efni þeirra kann að vera lítt að skapi íbúa.

Neysla áfengra drykkja er og verður umdeild. Meðal starfsmanna ÁTVR er sú skoðun ríkjandi að flestir viðskiptamenn vínbúðanna neyti áfengis sér til ánægju og áfallalaust. Vín með mat er ekki lengur neinum undrunar efni og áfengir drykkir þykja sjálfsgaðir á mannamótum síðdegis eða á kvöldum. Þetta eru nýir siðir á Íslandi.

Á tímamótum er gjarnan staldrað við – lítið til fortíðar og spáð í framtíð. Sú breyting, sem stendur yfir og að hluta til er orðin á viðhorfi til áfengisneyslu, gefur tilefni til umhugsunar og endurmats. Breyttar neysluvenjur hafa fjölgað veitendum áfengis – gestgjöfum, sem ráða miklu um hvernig til tekst í samkvæminu eða á heimleið úr boði þeirra. Það er löngu liðin tíð að meta gestgjafa til hróss að sem flestir fari drukknir úr húsi hans eða komist ekki út fyrir dyr sökum ölvunar.

ÁTVR mun á næstu mánuðum leita samfylgdar viðskiptavina sinna við að minna á ábyrgð gestgjafans og hlutverk hans sem fyrirmýndar.

***Veittu ekki um of. Minntu gest þinn á að akstur og áfengi eiga ekki samleið.***

Höskuldur Jónsson



© RF/CORBIS.com

## FRÉTTIR

## ¡OLÉ!

## KYNNING Á VÍNUM FRÁ SPÁNI OG PORTÚGAL

Dagana 17. febrúar til 19. mars stendur yfir í vínúðunum kynning á spænskum og portúgölskum vínum undir yfirskriftinni ¡Olé!

Sjöttíu sérvalin vín eru kynnt í bæklingi sem er gefinn út af þessu tilefni og verða þau sérstaklega merkt og á kynningarverði. Auk þess er að finna í bæklingnum lýsingu á hverju víni og fróðleik um helstu vínhéruð landanna. Þá verður handhægum uppskriftum að tapas smáréttum dreift í vínúðum, en sömu uppskriftir birtast hér í Vínblaðinu.

Markmiðið er að viðskiptavinir fái tækifæri til að fræðast meira um spænsk og portúgölsk vín og njóti um leið lægra verðs. Að þessu tilefni má lesa grein um spænsk vín hér í Vínblaðinu eftir Kristinn R. Ólafsson, um Grenache þrúguna, sem er ein aðalþrúga Spánar og einnig er hægt að skoða kort af Íberíuskaganum á næstu blaðsíðu til að kynna sér hvar helstu vínhéruðin liggja.



## HVAÐ VEIST ÞÚ UM ÁFENGI?

Að þessu sinni fylgir með Vínblaðinu bæklingurinn *Hvað veist þú um áfengi?* Lýðheilsustöð lét útbúa bæklinginn og styrkir ÁTVR útgáfuna ásamt því að dreifa bæklingnum í vínúðunum um allt land. Samstarfsverkefnið er liður í stefnu fyrirtækisins um samfélagslega ábyrgð.

Tilgangur bæklingins er að veita upplýsingar um áhrif og skaðsemi áfengis. Þar er m.a. skýrt hvernig áfengi er mælt í drykkjum og stigmagnandi áhrif áfengisdrykkju. Einnig eru áhrif skýrð eftir þyngd fólks og hvað tekur langan tíma að losna við áfengi úr líkamanum.

## K Y N N I N G Í V Í N B Ú Ð U N U M

## VÍNHERUÐ SPÁNAR OG PORTÚGALS

**SPÁNN - VÍNHERUÐ**

*Helstu rauðvinsprúgur á Spáni eru Tempranillo, Granacha, Tinta, Monastrell, Cabernet Sauvignon og Merlot. Af hvítum þrúgum má nefna Viura, Xarel-lo, Parellada, Granacha Blanca, Palomino Fino og Moscatel.*

**ARAGON**

Eitt af vinsvæðum Aragon er Somontano, svæði sem er undir Pyrenna fjöllum. Þaðan koma frábær vin úr alþjóðlegum þrúgum. Rauðvinin eru góð með rauðu kjöti og jafnvel villibráð.

**LA MANCHA**

Castilla La Mancha er stærsta vinnræktarsvæði Spánar og er á hásléttunum suður af Madrid. Eitt af undirsvæðum þess er Valdepenas, en þaðan koma mjúk og þægileg vín.

**CASTILLA Y LEON**

Castilla y Leon hefur fimm undirsvæði, þar af er Ribera del Duero allrar athygli vert. Kröftug vin sem mörg hver geymast vel. Vin sem hentar vel með nautakjöti og villibráð. Vin frá Toro eru krydduð og kröftug.

**CATALUNIA**

Catalunia með undirsvæðin Penedes og Priorat, svo einhver séu nefnd, býður upp á fjölskrúðugt úrval vína. Cava freyðivínin eru frábær kostur sem fordrykkur eða með mat. Rauðvinin eru margbreytileg og henta með kjötréttum, jafnvel saltfiskréttum.

**MURCIA**

Þar er Umilla undirsvæði með kröftug, alkóhólrík vín, þó eru þar einnig ávaxtarík og fersk rauðvín.

**NAVARRA**

Navarra er austur af Rioja. Héraðið var lengi vel þekkt fyrir rósavín, en nú koma þaðan gæðavín, hvít og rauð sem henta við mörg tækifæri, t.d. með tapas. Hvítvínin með fiskréttum og rósavín með ljósu kjöti og salati.

**RIOJA**

Eitt þekktasta vinnhéraðið liggur í norðausturhluta landsins. Vínin sem oft eru krydduð með vanillu og eikartónum henta vel með nauta- og lambakjöti og saltfiskréttum.

**JEREZ**

Sérri, bæði þurr og sæt. Þurr sérri eru góð sem lystaukar og með tapasréttum. Þau sætu henta vel með eftirréttum.

**PORTÚGAL - VÍNHERUÐ****PORTVÍN**

Portvínunum má skipta í tvo höfuðflokk, þau sem þroskast á flöskum og þau sem þroskast í tunnu. Tunnuproskuð portvín kallast tawny, en einfaldasta flöskuproskaða portvinið ruby. Portvín eru góð með eftirréttum eða bara ein sér.

**BAIRRADA**

Héðan koma ávaxtarík, stundum tannísk rauðvín og er mest notast við þrúguna Baga.



# TAPAS

## S P Æ N S K I R S M Á R É T T I R

Umsjón: Halla Bára Gestsdóttir / Myndir: Gunnar Sverrisson

Spænskt tapas eru margir litlir og stakir réttir sem bornir eru fram sem smáréttir, forréttir eða fjölbreytt máltíð. Fólk fær sér tapas á spænskum börum og veitingahúsum en rétti sem þessa má auðveldlega útbúa heima og slá þannig upp spænskri veislu.

Til að komast í réttu tapas stemmninguna er best að drekka vel kælt og þurr fino sérrí, en sá drykkur hentar hvað best með þessum smáréttum. Sérrí er upprunið frá Andalusíu eins og tapas. Fino sérrí er 15% og inniheldur ekki mikið meira alkóhól en hvítvín eða rauðvín sem oft eru um 13,5% eða jafnvel 14,5%. Þurr rósavín og þurr hvítvín eru einnig góðir valkostir og að sjálfsögðu drekka þeir rauðvín sem það vilja, Crianza til dæmis.

### BBQ-KJÚKLINGUR Í FÍLÓDEIGI

- 1 msk olía
- 2 kjúklingabringur, skornar í litla bita
- 100 g salamipylsa eða önnur góð pylsa, skornar í smáa bita
- 1 litill laukur, fint saxaður
- 1 hvítlauksrif, fint saxað
- salt og cayennepipar
- 1 dl vatn
- 1 dl sæt BBQ-sósa
- 1 msk steinselja, söxuð
- 3 msk rifinn parmesanostur
- 1 dl brauðmylsna
- 3 filódeigsblöð

Brúnið kjúklinginn í olíu á heitri pönnu í 2-3 mín., látið pylsuna saman við og steikið í 2 mín., þá laukinn og hvítlaukinn og svítið í 5 mín. Kryddið með salti og cayenne-pipar eftir smekk. Hellið vatninu á pönnuna, BBQ-sósunni, steinseljunni og ostinum og hrærið í 1 mín. Takið af hitanum og hrærið brauðmylsnuna saman við. Kælið. Hafið filódeigsblöðin hvert ofan á öðru, penslið með olíu, setjið kjúklingafyllinguna jafnt á mið blöðin. Brjótið inn á blöðin til endanna, þá öðrum megin á langveginn og rúllið þétt upp. Penslið með olíu. Bakið við 200 gráður í 15 mín. Skerið í sneiðar og berið fram með BBQ-sósu og parmesanosti að dýfa í. Þessa fyllingu má einnig nota með lefum eða tortillum, rúlla upp á svipaðan hátt og hita í ofni.

Vín: Fino, rósavín, berjaríkt Crianza.



## ÞRIGGJA OSTA FOCACCIA

1 kúla tilbúið gerdeig (fæst í bakaríum)  
 Maldon-salt og svartur pipar  
 Ólífuolía  
 1 dl ferskur ríkotta-ostur  
 1 egg  
 1/2 mosarella-kúla, skorin í litla bita  
 1/2 dl rifinn parmesanostur  
 1 msk fersk steinselja eða basilíka, saxað smátt

Hér er einfaldlega þægilegast að kaupa tilbúið deig, einnig má hnoða gott gerdeig. Sláið deigið niður og mótið hringlaga botn um 1 cm á þykkt. Smyrjið með olíu, saltið og piprið. Hrærið allan ostinn saman ásamt eggji og kryddi. Stingið djúpar holur í deigið með fingrunum og smyrjið ostablöndunni vel ofan á. Bakið við 180 gráður í 20 mín. eða þar til deigið er gullið. Skerið brauðið í litla ferninga og berið fram.

*Vin: Fino, þurrt hvítvín, Crianza.*



## OFNBAKAÐIR SVEPPIR MEÐ GEITAOSTI OG CHILÍ-OLÍU

### Chiliólfá:


2 dl ólífuolía  
 1 rautt, ferskt chilí, kjarnhreinsað  
 2 msk ferskt timían

### Sveppir:

500 g ferskir sveppir, gott að blanda saman nokkrum tegundum, stilkarnir skornir af og hatturinn skorinn í sneiðar  
 3 msk ólífuolía  
 4 hvítlauksrif, pressuð  
 1 skallottlaukur, saxaður  
 helmingurinn af chiliólíunu  
 salt og svartur pipar  
 2 msk ferskt timían  
 150 g mjúkur geitaostur, mulinn yfir sveppina

Setjið allt hráefnið í chiliólíuna í matvinnsluvél og maukið. Setjið sveppina í skál og hrærið saman við þá olíu, lauk og hvítlauk. Kryddið eftir smekk. Látið sveppina í ofnskúffu, dreifið vel úr þeim og setjið í 180 gráðu heitan ofn í 15 mín. eða þar til sveppirnir eru mjúkir. Látið sveppina þá í ofnfast mót, hellið chiliólíunu yfir og dreifið ostinum jafnt. Bakið í 5-8 mín. eða þar til osturinn er bráðinn. Skreytið með fersku timían og hellið afganginum af chiliólíunu yfir. Berið fram með góðu brauði.

*Vin: Fino, þurrt og ferskt hvítvín, rautt reserva*



## FYLLTIR KIRSUBERJATÓMATAR MEÐ ÓLÍFUTAPENADE

### Tapenade:

1 1/2 dl góðar spænskar ólífur, fylltar með papriku  
2 tsk kapers  
1 tsk brandy, má sleppa  
1 tsk rifinn sítrónubörkur  
2 msk extra virgin ólífuolía  
kirsuberjatómatar, magn fer eftir stærð tómatanna  
fersk steinselja til skrauts

Maukið allt hráefnið í tapenade í matvinnsluvél. Skerið varlega ofan og neðan af tómotunum þannig að þeir standi. Hreinsið kjarnann innan úr þeim. Notið litla teskeið til að setja tapenade ofan í tómatana. Skreytið með steinselju.

*Vin: Fino, þurrt Cava, ferskt og þurrt hvítvin.*



## TORTILLA MEÐ ÓLÍFUM

3 egg  
1/2 tsk salt  
3-4 msk ólífuolía  
3 soðnar kartöflur, skornar í teninga  
1 laukur, fint saxaður  
grænar ólífur

Piskið egginn í skál með salti. Hitið olíu á pönnu (best að nota pönnu með þunnum botni). Setjið kartöflurnar á pönnuna og steikið aðeins, bætið lauknum saman við og mykið, þá ólífunum. Þegar kartöflurnar fara að brúnast hellið þá eggjunum á pönnuna. Steikið á lágum hita og hristið pönnuna reglulega svo tortillan festist ekki við hana og losið um hliðarnar. Gætið að ofsteikja ekki en miðjan á að vera mjög mjúk. Færið tortilluna yfir á disk, snúið henni yfir á pönnuna og steikið í 1 mín. Kælið aðeins og skerið síðan í sneiðar eða bita.


*Vin: Fino, rósavin, hvítvin*

## HVÍTLAUKSRÆKJUR MEÐ RAUÐUM GRJÓNUM

2 dl ólífuolía  
4 hvítlauksrif, marin  
1 msk paprikuduft  
1/2 tsk chilíduft  
4 dl litlar rækjur  
salt og svartur pipar  
2 msk fersk steinselja, söxuð  
3 góðir tómatar, fræhreinsaðir og skornir í teninga  
3 dl rauð hrísgrjón, soðin, mega vera gul eða svört  
tortillur eða lefsur

Hitið olíu á pönnu og mykið hvítlaukinn á miðlungshita. Hrærið papriku- og chilíduftið saman við. Hækkið undir pönnunni og bætið rækjunum saman við. Látið steikjast í 2-3 mín. Kryddið og blandið steinseljunni út í. Þá tómotunum og loks grjónunum. Hrærið. Berið fram með tortillum eða lefsum sem skornar eru í litla bita, einnig gott að rulla fyllingunni inn í brauðið fyrir stærri skammta. Berið fram heitt.

*Vin: Fino, þurrt cava, þurrt hvítvin.*





# MOLAR

## Ú R Ý M S U M Á T T U M

### Rauðvinsblettir í fötum

Til að ná rauðvíni úr fötum er helsta ráðið að hylja blettinn strax með salti og láta liggja á. Saltið dregur í sig vökvann og litinn. Einnig má prófa að setja hvítvín á rauðvinsbletti. Sóðavatn getur einnig verið góð skyndihjálp.

### 2000 ára gamalt vín


Nýlega fannst í Kína 5 lítra bronsker frá árinu 4 eftir Krist. Kúturinn var fullur af hrísgrjónavíni og var það ljósgrænt á litinn. Vísindamenn eru nú að rannsaka fundinn. Ekki fylgdi fréttinni hvort þeir hafa smakkað vinið.

### Endurvinnslan.is

Endurvinnslan og Sorpa borga 9 krónur fyrir allar einnota drykkjarumbúðir. Það á jafnt við um allar víNFLöskur og bjórfLöskur sem gosflöskur og dósir. Móttökustaðir eru víða og hægt er að leita nánari upplýsinga um staðsetningu þeirra úti um allt land á heimasíðu Endurvinnslunnar: [www.endurvinnslan.is](http://www.endurvinnslan.is).

### Eitt og annað

- Heitið brandí er upprunnið frá hollenska orðinu brandewijn. Það er skylt íslenska orðinu brennivín.
- Þegar nota á sterkt áfengi til að flambæra mat þarf yfirleitt að hita vinið áður en kveikt er í því.
- Norðurlandabúar drukku mjöð af miklum móð í gamla daga. Mjöður er m.a. buggaður úr hunangi. Það er mikil vinna hjá hunangsflugunum að safna einu kíló af hunangi það tekur u.þ.b. hálf milljón söfnunarferða.



**¡SALUD!**

**KRISTINN R. ÓLAFSSON SKRIFAR FRÁ MADRÍÐ**

¡Salud! segja Spánverjar þegar þeir lyfta glasi og skála. Óska semsagt þeim heilsu sem drukkið er til. Heldur önnur hugsun þar á bakvið en í hinni norrænu skál/skál. Þó má reyndar segja að Íslendingar og frændur þeirra hitti naglann á höfuðið því að orðið skál mun vera skylt skel og jafnvel skalla ef ég kann að rýna rétt í orðsifjabækur. Menn þeir sem byggja skaga og sker norðursins hafa enda löngum hneigst til að kneypa úr sér kuldann, bergja á hornum helsti fast, klingja glösum ótt og titt. Og skriða þá gjarnan útúr þykkri skel, afklæða sinn innri mann, taka að hella allskonar gruggi úr yfirfljótanlegri sálarskálinni og sulla þá bæði yfir sig og aðra svo að margur fær ljóta skvettu. Og enda oftast en ekki á skallanum, jafnvel fornkappar sem drápu mann og annan einsog ekkert væri frá blautu barnsbeini:

*Ólvar mik,*

*þvit Ölvi*

*öl gervir nú fólvan...*

kvað Egill okkar Skallagrímsson vel hifaður.

„Uss...! Það er ekki furða þótt þessir Spánverjar séu örir og blóðheitir, leiki við hvurn sinn fingur og samkjafti ekki. Þessir menn eru náttúrlega meira og minna góðglaðir heilu og hálfu dagana af öllu þessu rauðvíni sem þeir láta oní sig frá morgni til kvölds á þessum óteljandi öldurhúsum þarna suðurfrá. Er þetta ekki barvæddasta land í heimi?“ sagði/spurði eitt sinn maður í mín eyru í Reykjavík og rak löngunarfullar glyrnur uppúr djúpri geðlægðinni. Og kannski var nokkuð til í þessu hjá honum. Vín er svo samrunnið spænsku þjóðlífi og menningu að hvorttveggja er sami sopinn. Spánverjar hittast vart né

# ¡SALUD!

setjast að mat án þess að hafa vín um hönd. Fólk, vín, matur: hin heilaga þrenning. Eitt kallar á annað.

Og það er sósúma ekkert að því að súpa einsog einn fino eða glas af rioja með jamón serrano/hráskinku og þá helst pata negra/svartlöpp af svíni af Íberíukyni frá Jabugo í Huelva (Andalúsíu), og hafi það aðeins fengið akarn að éta; ekkert að því að láta uppí sig velskornar og hárfinar kjötpynnur af höngnu læri, svo sprengdar fituvíngindum, svo meyrar, að þær míga í munni..., mmm...munni! Mmm...! Og súpa aftur á víninu.

Ekki slæmt að setjast að veislu í Galísíu, við skulum segja í borginni A Coruña, með hvítan albariño í glasi og leggja sér til munns pulpo/kolkrabba, mejillones/krækling, cigala/humar, langosta/svipukrabba... Og á eftir kemur kannski stauþ af orujo, meltingarbætandi galísísku þrúguhrats-brennivíni sem er náskyld hinni ítölsku gróppu.



© Owen Franken/CORBIS

Ekki sem verst að fara á rölt að kvöldi til um öngstrætin í El Casco Viejo/Gamla bænum í San Sebastián/Donosti í Baskalandi, ganga þar bar úr bar og fá sér pintxos, þ.e.a.s. tapas eður „smættlur“ á brauði þar sem áleggið er fest á með tannstöngli eða pinna. Og það er þröng á þingi á hverjum stað. Þungur raddkliður í lofti. Maður verður að sæta lagi til að komast að barborðinu, nær að kalla á þjóninn, lætur augu líða eftir langri röð diska á skenknum með allskonar smættlum. Gómar fyrst eina, svo aðra og aðra og hefur á meðan pantað ríkulegt vín, rautt eða hvítt, sem innanborðsmaðurinn hellir í lág og við glós. Og svo þegar kemur að því að borga telur þjónninn tannstönglana hjá glasinu, rifjar upp staupa-fjölda... Nú er að drífa sig á næsta stað. Þegar út kemur er 'ann farinn að ýra úr sér mildum úða yfir strandborgina, einsog svo oft gerist í hinu fjöllótta og fagurgræna Baskalandi.

Ekki er verra að vera í Sevilla/Sevilju suðri Andalúsíu á heitu kvöldi, fara þar að síðum heimamanna, leggjast í tapeo/smættluát í hverfum einsog Arenal kringum Maestranza-nautatorgið, þræða sig eftir Betis-stræti meðfram Guadalquivir-fljóti eða um þverhandarbreiðar götur í hinu hvíta Helgakrosshverfi/Santa Cruz. Fara stað úr stað uns maður er mettur. Í Sevilju eru smættlurnar sjaldnast á brauði heldur einskonar smækkuð útgáfa af stórum réttum: kannski ternera al roquefort/kálfasteik í roquefort-sósu eða rabo de toro/nautshali og nokkrar patatas fritas/franskar kartöflur með. Mér lifir enn í bragðlaukum það sem ég lét í mig í slíkum leiðangri síðast í Sevilju: ferskt barbadillo-hvítvín, pescaito frito/steikt smáfiski og merluza rellena de gambas/lysingur fylltur rækjum. Hér skal viðlagið endurtekið: Mmm...

Það er heldur enginn vandi að þjóta í huganum til Valensíu á heitum miðdegi, setjast þar á strandveitingastað, í forsælu undir sólhlíf, með bjarta fjöru fyrir framan sig og sólsléikjur liggjandi einsog hráviði á dreif um sandinn en utar glitrar kvíkt Miðjarðarhafið. Og þá pantar maður paella de marisco/pönnuhrís með skelfiski og eina flösku af köldu héraðsvíni, til dæmis. Nema menn vildu svara sér í hitanum á tinto de verano/sumarrauðvíni, þ.e. klakakældu víni blönduðu ropavatni því sem heitir Gaseosa. Eða súpa jafnvel sangríu. Hvaða sólarlandafari þekkir ekki hana?

Og svo mætti lengi telja: einn ribera del duero hér, valdepeñas þar, toro, priorat, nú eða rueda, penedés...

# ¡SALUD!

## SAGAN

„Miðjarðarhafið er pollur sem mannfólkið safnast í kringum einsog froskar“ sagði víst Platón aftrí grárri forneskju. Og Spánn er vesturendinn á þeim polli. Um þessa vilpu í miðjörðu sigldu Grikkir og Föníkiumenn/Karþagómenn til forna einsog að drekka vatn, gerðu strandhögg, lögðu undir sig lönd, stofnuðu nýlendur, stunduðu verslun, dreifðu menningu. Að ógleymdum sjálfum Rómverjum sem seildust til yfirráða við allt Mare Nostrum - Vorn sjó - eða Internum Mare - Innsæ - einsog þeir kölluðu hafið.

Föníkiumenn voru upprunnir austrí botnum Miðjarðarhafs. Þeir höfðu náð vesturtil Spánar/Hispaníu (það orð ku líklega frá þeim komið) um ellefu hundruð fyrir Krist og stofnuðu Gades/Gadí (nú Cádiz), fyrstu borg sína á Suður-Spáni. Grikkir láta sjá sig um 600 f. Kr. en Rómverjar stiga á land gráir fyrir jörnum árið 218 ante Christum til að berja á Karþagómönnum í öðru Púnverjastriðinu.

Vín hefur frá upphafi verið einn meginþráður menningar og mannlífs Miðjarðarhafslanda: næring, gleðigjafi, afþreying, helgur dómur, goðadrykkur, viðurværi vinyrkjubænda, vara höndlara. Aðeins ein önnur jarðarafurð slagar uppi vínið að þessu leyti: korn/hveiti.

Föníkiumenn og Grikkir hafa sjálfsagt komið með fyrstu vínin til Spánar ásamt listinni að rækta vínið og búa til vín úr



© O. Alamy & E. Vicens/CORBIS

þrúgunum. Síðan bættu Rómverjar um betur. Og fleiri í aldanna rás. Nú á dögum er vín framleitt um nær allan Spán.

Það er því ekki kyn þótt spænskan sé undir áhrifum. Tungan dregur dóm af því sem mælendur hennar láta sér um munn fara, hvort sem það er nú út eða inn. Ekki þarf lengi að leita til að finna vísanir í vín í spænskum bókmenntum. Nægir þar að nefna sjálfan Don Kíkóta eftir Miguel de Cervantes. Riddarinn sjónumhryggi sér marga ofsjónina. Hann berst ekki aðeins við vindmyllur heldur lendir t.a.m. líka í útistöðum við risa nokkurn sem hann sér í svefnstofu sinni í gistihúsi. Don Kíkóti telur þar kominn óvin frú Mikómíkónu prinsessu og sníðir af honum hausinn með sverði sínu, sníðir honum rauðan stakk, nema hvað blóðið sem vellur út er ekki dreyri heldur rauðvín og risinn vinbelgur úr leðri.

Á annað þúsund málshátta og orðtaka munu vera til í spænsku um vín, ýmist með eða á móti: *Quien vino bebe, despacio envejece* (Sá er vínið drekkur vægt, verður gamall hægt); *Si el mar fuera vino, todo el mundo sería marino* (Væri sjórinn vín, vildu allir sjómenn gerast); *Bebe, que te rías del vino, y déjalo antes de que se ría de ti* (Drekktu og hlæðu af víninu en hættu áður það hlær að þér), eða *Mucho vino, poco tino* (Mikið vín, lítið skynbragð) sem minnir á íslenska málsháttinn *Vín inn, vit út*.



# ¡SALUD!



© Charles O'Rear/CORBIS

## KRÖFUR UM BETRI VÍN

Um næstu áramót verða 20 ár liðin síðan Spánverjar gengu í þáverandi Evrópubandalag og hafa til þessa fengið mest allra úr sjóðum Evrópusambandsins. Féð hefur m.a. farið í að endurnýja víngeirann svo að gæði spænskra vína hafa stórkæmst. Og neysluvenjur landsmanna breyst: þeir drekka minna af ódýrum vínunum en þeim mun meira af gæðavínunum, eða vínunum í efri meðalflokki. Síðustu þrjú áratugi aldarinnar sem leið hafði vinnesla minnkað á Spáni svo að jaðraði við að Spánverjar væru orðnir jafnmiklir gutlarar á því sviði og þær þjóðir sem enga vinnræktarhefð hafa. En síðan um aldamót eru þeir farnir að drekka æ meira upprunavottað vín og eyða meiri peningum í vínkaup. Þar eru Rioja-vínin langvinsælust: 40 prósent markaðarins.

Sá sem hér skrifar er meðal-jón í mörgu, m.a. í þessum efnum; lífandi dæmi: Fyrstu ár mín hér í Madrid, síðari hluta áttunda áratugarins, fór ég á nokkurra daga fresti í næstu vinnubúð eða bodega (a, já, þetta mun vera sama orð og apótek :- ) ...) með fimm lítra glerkút, keypti í hann nafnlaust rauðvín úr stórrí ámu og hafði með matnum. Síðan kom fernuvæðingin: Tío de la Bota frá Múrsíu, Cumbre de Gredos frá Valdepeñas þóttu manni fullboðleg vín dags daglega. En nú vill herra Meðal-jón ekkert nema í flösku og með uppruna- og gæðavottorði.

Og Spánverjar eyða orðið 80 prósentum meira í slík vín en fyrir tíu árum og neyslan nálgast nú helming alls þess víns sem

selt er. Sala á ódýrustu vínunum stendur í stað. Menn kaupa orðið til daglegs brúks vín sem kostar um og yfir 2 evrur/160 krónur flaskan en um helgar fyrir 4-5 evrur/ 320 - 400 krónur (guðdómlegt verð, ekki satt?). Ef eitthvað stórt stendur til fara þeir upp fyrir 6 evrurnar. Þ.e.a.s. svona meðal-jónar eins- og ég. ¡Salud!

*Kristinn R. Ólafsson, Madrid*



© Charles O'Rear/CORBIS

Frá vintroðslukeppni í bænum Sitges í Katalóníu.

# Þ R Ú G U P O R T R E T T

*Ókryndur konungur rósavínanna liggur eins og venjulega útbeldur í sólinni.*

*Það er engin tilviljun að vín gerð úr honum innihalda mikið alkóhól.*

## GRENACHE

### STEIKT ÞRÚGA

Texti: Christina Heiná Liman. Myndskreyting: Andreas Benwik  
Lauslega þýtt: Páll Sigurðsson  
Áður birt í Bolaget, maí 2004, Fréttariti Systembolaget.  
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð

*Afsakið, má ég trufla eitt augnablik.*

- Hrmpf. Ha, hva, hvar er ég?

*Þú ert á Riverunni, þú sofnaðir víst aðeins.*

- Úps, mér rann víst aðeins í brjóst-, nei sjáðu hvað ég hef brunnið!

*Já, en þú ert nú vanur hita.*

- Tja, ég vil jú helst búa við eins mikinn hita og þurrk og mögulegt er. Elska steikjandi sól, en verð bara svo útroðinn af sykri, en málið snýst nú um það svo það er í lagi. Þoli sólina svo sem ekki of vel.

*Mikill sykur þýðir þá alkóhólrík vín ekki rétt?*

- Það er rétt, hátt alkóhól, það hef ég svo sem! En aftur á móti er ég hvorki sýrumikill né stamur. Hér liggur sko enginn leiðindagaur. Hjá mér er sko líf í tuskunum!

*Ert þú nú ekki heldur óvarkár í sólinni?*

- Neibb, engar sólhlifar notaðar hér. Og góðum gusti hef ég heldur ekkert á móti. En rigning, fari það kolbölvað!

*Svo þú ferð þá aldrei í bað?*

- Alls ekki. Ég held mig gjarnan nálægt ströndinni, en kæri mig ekki um að blotna í rætturnar. Svo vex ég líka gjarnan á þurrum og heitum innlandssvæðum. Priorato, mmm!

*Einmitt svo þú ert þá ekki syndur?*

- Huh, hvaða þruga er það? Kannski Merlot eða einhver önnur þruga sem stendur í sóðalegum leirökum í regnvotu Bordeaux.

*Þér er ekki fisjað saman, þolir vel þurrt veður og hvassa vinda. Hvers vegna halda margir að þú sért léttvæg þruga, sem aðeins dugir til að gera ljós og bragðlaus rósavín úr?*

- Segir hver?! Þeir hafa þá ekki drukkið rauð priorat-vín, ástralskan grenache eða reglulega þróttmikinn Chateauf-de-pape! Klár og góð vín, jafnvel þó ég blandist öðrum þrúgum!



*En þrátt fyrir allt dettur manni rósavin í hug, þegar maður heyrir þin getið...*

- Óttalegt blaður er þetta um rósavin! Ókei, ókei, það er það sem ég dunda aðallega við, en reyndar eru þau líka miklu betri en margir halda.

*Það hefur verið sagt að þú sért frekar viðkvæmur eftir að þú hefur verið tindur?*

- Uss, það er ekkert til að tala um. En létt og notalegt nudd, gætileg pressun og gerjun er ekki svo vitlaust. Það vita jú allir sem legið hafa lengi í sólinni.

### Grenache í stuttu máli

**Litur:** Rósavínin eru oftast frekar ljós, en rauðvínin geta verið dökkrauð.


**Illmur:** Rósavínin ilma oft af jarðarberjum og hindberjum, en bragðmikil ávaxtarík rauðvínin ilma af leðri, tjöru og dökkum berjum.

**Bragð:** Alkóhólrík, með frekar lága síru. Rauðvínin eru oft mjög ávaxtarík og bragðmikil, án þess þó að vera mjög tannísk.

**Ræktun:** Umfram allt á mjög heitum svæðum í Suður-Frakklandi, Navarra og Priorato á Spáni, þar sem hún er upprunnin og er kölluð Garnacha, ásamt Ástralíu og Suður-Afríku.

**Passar með:** Rósavínin passa vel með margskonar fisk-, skelfisk- og grænmetisréttum, eða sem fordrykkur. Rauðvínin passa vel með flestum kjötréttum.

**Geymsla:** Rósavínin ætti að drekka ung, en Chateauf-de-pape, Priorato og áströlsk Grenachevín er hægt að geyma í mörg ár.



# NÝTT Í KJARNA

## RAUÐVÍN

Hér eru kynntar nýjar tegundir sem komu í kjarna í desember og janúar. Verð gilda út febrúar 2005.



### Wolf Blass Presidents Selection

#### Shiraz

Wolf Blass (Besti framleiðandi heims 2002 - sbr. IWSC) er einn af frumkvöðlum í ástralskri víngerð og President Selection er einstakt dæmi um vönduð vín og sígild. Mikill og góður ávöxtur, dökk ber, kryddjurtil, þétt og mikið vín með löngu eftirbragði. Alvöru villibráðavin, tilvalið með nauta- og lambakjöti.

*Megineinkenni:* Dimmrúbinrautt. Bragðmikið, þurr, margslungið með miklu eikar- krydd og ávaxtabragði.

<b>Árgangur:</b>	2002
<b>Uppruni:</b>	Suður Ástralía
<b>Framleiðandi:</b>	Wolf Blass Wines
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13,5%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	16-18°C
<b>Berjategund:</b>	Shiraz
<b>Vörunúmer:</b>	02060
<b>Verð:</b>	1990



### Chateau Cantenac Brown

Er eitt af þessum aflmiklu og glæsilegu vínunum frá Bordeaux-svæðinu eða vöggvinsins eins og margir vilja meina.

Ch.Cantenac Brown er kraftmikið vín með áferðafallegan ávöxt, greina má svartan nýmalaðan pipar, kaffi og súkkulaði tónað fagaðri franskri eik.

*Megineinkenni:*

Dimmrúbinrautt. Meðalfylling, þurr, mild sýra, tannískt. Kröftugur eikarkeimur, krydd og jörð. Ungt.

<b>Árgangur:</b>	2000
<b>Uppruni:</b>	Frakkland, Bordeaux, Medoc, Margaux
<b>Framleiðandi:</b>	Chantenac
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	16-18°C
<b>Berjategund:</b>	Nero d'Avola/Cabernet Sauvignon
<b>Vörunúmer:</b>	03411
<b>Verð:</b>	3690



### Beronia Tempranillo

Vín mánaðarins (Gestgjafinn janúar 2005), „verðið nánast ótrúlegt fyrir vín í þessum gæðaflokki. Frábær kaup 19/20“ (Steingrímur, Mbl.) Verðugur fulltrúi Rioja, dökkt, þykkt, fagað, angan af dökkum berjum, kaffi, mildum eikartónum. Beronia Tempranillo er einstakt, vínið látið gerjast í eikar-ámu og verður öflugt, fingert, mjúkt. Með nautasteik, lambi, saltfiski...

*Megineinkenni:* Múrsteinsrautt. Mjúk fylling, þurr með ferska sýru og þroskuð tannin. Þéttur og kryddaður ávöxtur.

<b>Árgangur:</b>	2001
<b>Uppruni:</b>	Spánn, Rioja
<b>Framleiðandi:</b>	Casa Girelli S.p.a.
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13,5%
<b>Berjategund:</b>	Tempranillo
<b>Vörunúmer:</b>	09184
<b>Verð:</b>	1390



### Frontera Cabernet Sauvignon

Rúbinrautt með fjölbláum jaðri þar sem brómber, melónur, þurrkaðar plómur og vanilla er áberandi. Langvinnt berjabragð og góður endir. Snilldarvín í stórar veislur og árshátíðir. Hentar vel með kjöti af ýmsu tagi s.s. kjúkling, grís, lambi og kálfakjöti

*Megineinkenni:* Dökkrúbinrautt. Meðalfylling, þurr með mildri sýru, berjabragði og létttri stemmu.

<b>Árgangur:</b>	2003
<b>Uppruni:</b>	Chile, Valle de Central
<b>Framleiðandi:</b>	Vina Concha y Toro S.A.
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 14%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	16-18°C
<b>Berjategund:</b>	Shiraz
<b>Vörunúmer:</b>	05216
<b>Verð:</b>	950

# R A U Ð V Í N



## Baron de Ley Reserva

Lifandi og mikið vín þar sem greina má þroskaðan kryddaðan ávöxt í bland við vanillu og fagaða eikartóna, vinið býður upp á frábært jafnvægi og kryddað eftirbragð.

*Megineinkenni:* Múrsteinsrautt. Meðalfylling, þurrt, sýruríkt og nokkuð tannískt. Þroskað og grösugt með sitrusávexti.

<b>Árgangur:</b>	1999
<b>Uppruni:</b>	Spánn, Rioja
<b>Framleiðandi:</b>	Baron de Ley S.A.
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	16-18°C
<b>Vörunúmer:</b>	05254
<b>Verð:</b>	1490



## Morandé Cabernet Sauvignon

☞ ☞ ☞ ☞ ☞

Pablo Morandé er höfundur t.d. margra vína Concha Y Toro. Fyrirtæki hans hefur nú skotist uppá stjörnuhimin. Vinið er flauelsmjúkt með sólberjabragði sem þróast yfir í bragð af dekkri berjum sem enda í súkkulaði. Vinið er kjörinn kostur með grillkjöti. Sannreynið sjálf!

Mjúkt og mikið ávaxtabragð.

*Megineinkenni:* Dökkbrúinrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt og ávaxtaríkt með léttri stemmu.

<b>Árgangur:</b>	2003
<b>Uppruni:</b>	Chile, Valle del Maipo, Valle del Central
<b>Framleiðandi:</b>	Morandé
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13%
<b>Kjörhiti:</b>	16-18°C
<b>Berjategund:</b>	Cabernet Sauvignon
<b>Vörunúmer:</b>	05548
<b>Verð:</b>	1190



## Condestable Reserva

Dökk rautt, mjög tært og fallegt. Opið vín með töluverðan pipar og sætu frá vanillu, áberandi karamella og aðlaðandi ávöxtur. Frábært vín með lambakjöti og sérstaklega grilluðu. Nautakjöt, kálfakjöt grís og kjúklingur passar einnig vel með þessu víni. Saltfiskur smellpassar einnig með Condestable.

*Megineinkenni:* Múrsteinsrautt. Meðalfylling, þurrt og sýruríkt með heitri og kryddaðri ávaxtabeiskju.

<b>Árgangur:</b>	1998
<b>Uppruni:</b>	Spánn, Jumilla
<b>Framleiðandi:</b>	Bodegas Artesanas
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	16-18°
<b>Berjategund:</b>	Cabernet Sauvignon
<b>Vörunúmer:</b>	05593
<b>Verð:</b>	990



## Torres Sangre de Toro

Þetta vín hefur rúbinrauðan lit og sterkur kryddilmur Miðjarðarhafsins ber með sér vott af sólberjum. Ljúf áferð tannins og gott bragð af lakkris og dökkum berjum. Sangre De Toro hentar vel með steikum, pottréttum og einnig með hefðbundnum spænskum réttum.

*Megineinkenni:* Rúbinrautt. Meðalfylling, þurrt með léttri eik og krydduðum ávexti.

<b>Árgangur:</b>	2002
<b>Uppruni:</b>	Spánn, Catalunya
<b>Framleiðandi:</b>	Miguel Torres S.A.
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13.5%
<b>Berjategund:</b>	Garnacha, Carignan
<b>Vörunúmer:</b>	05623
<b>Verð:</b>	1090



## Nuviana Cabernet Sauvignon Merlot

Dumbrault og frekar ljóst við barma. Opið vín með mikinn og ákveðinn ilm af rósum og vanillu. Kirsuber og mjúkt tannin eru áberandi í bragði og vinið er í mjög góðu jafnvægi. Þar sem vinið er margslungið þá passar það með fjölbreyttum mat. Kjúklingur, lamba-, grísa-, og nautakjöt fer vel með þessu vín.

*Megineinkenni:* Múrsteinsrautt. Góð fylling, þurrt, ferskt og nokkuð tannískt. Nokkuð þroskaður og grösugur keimur.

<b>Árgangur:</b>	2003
<b>Uppruni:</b>	Spánn, Valle de Cinca
<b>Framleiðandi:</b>	Codorniu
<b>Magn og vínandi:</b>	750ml, 13%
<b>Berjategund:</b>	Cabernet Sauvignon, Merlot
<b>Vörunúmer:</b>	07802
<b>Verð:</b>	990



## Casa Lapostolle Cabernet Sauvignon Cuvée Alexandre

Casa Lapostolle var valið „Besti vinframleiðandi Chile 2003 og 2004 (IWSC)“. Cuvée Alexandre er, ásamt Clos Apalta, flaggskip þeirra. Þessi vín geymast í nokkur ár (umhella til að drekka núna). Þroskuð ber, sultukeimur, ristud eik - þétt vín sem hentar mjög vel með öllu rauðu kjöti og villibráði.

*Megineinkenni:* Dimm múrsteinsrautt. Kröftugt, þurrt með mildri sýru, þéttu kryddaðri eik en lokuðum ávaxtaeim.

<b>Árgangur:</b>	1999
<b>Uppruni:</b>	Chile, Colchagua Valley
<b>Framleiðandi:</b>	Casa Lapostolle S.A.
<b>Magn og vínandi:</b>	750ml, 14%
<b>Berjategund:</b>	Cabernet Sauvignon
<b>Vörunúmer:</b>	08255
<b>Verð:</b>	1800

# R A U Ð V Í N / H V Í T V Í N



**Carmen Carmeneré** 🍷🍷🍷  
Nýtt vín frá Carmen í Chile sem er blanda af þrúgunum Carmenére (80%) og Cabernet Sauvignon (20%). Vinið kemur úr Rapel dalnum í Chile og er látið þroskast í franskrri og amerískri eik í 6 mánuði áður en það er sett á flöskur.

*Megineinkenni:*  
Múrsteinsrautt. Þurrt, mild sýra, góð fylling, mjúkt. Ilmrikt með barkarkrydduðum ávaxtakeim.

<b>Árgangur:</b>	2001
<b>Uppruni:</b>	Chile, Rapel Valley, Valley de Central
<b>Framleiðandi:</b>	Vina Carmen S.A.
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13,5%
<b>Berjategund:</b>	Carmeneré
<b>Vörunúmer:</b>	08823
<b>Verð:</b>	1090



**Stowells Tempranillo** 🍷∞  
Stowells Tempranillo kemur frá mið-Spáni, nánar tiltekið frá héraðinu La Mancha. Vinið hefur góða fyllingu þar sem rauðar plómur og jarðaber eru áberandi, en vinið sjálf hefur kryddaðan ávöxt og er sultukennt með safaríkt eftirbragð. Hentar vel með rauðu kjöti og ostum.

*Megineinkenni:*  
Rúbinrautt. Frekar létt, þurrt, ávaxtaríkt með grösugum kryddkeim.

<b>Uppruni:</b>	Spánn, Castilla La Mancha
<b>Framleiðandi:</b>	Stowells Tempranillo
<b>Magn og vínandi:</b>	3000 ml 12%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	16-18°C
<b>Berjategund:</b>	Tempranillo
<b>Vörunúmer:</b>	04119
<b>Verð:</b>	3290



**Sunrise Cabernet Sauvignon** 🍷☞∞  
Sunrise Cabernet Sauvignon ilmar af brómberjum, sólberjum, þurrkuðum plómum og vanillu. Það hefur góða fyllingu, langvinnu bragð og hentar með öllu kjöti, pastaréttum og eins með ostum. Sunrise Cabernet Sauvignon fæst nú einnig í hinum geysivinsælu og hagkvæmu kössum. Þannig er hægt að fá mikil gæði fyrir lítið fé.

*Megineinkenni:* Dimmfjólublátt. Meðalfylling, þurrt, mild sýra og létt tannin með léttkrydduðum ávexti.

<b>Árgangur:</b>	2004
<b>Uppruni:</b>	Chile, Valle de Central
<b>Framleiðandi:</b>	Concha y Toro
<b>Magn og vínandi:</b>	3000 ml 13,5%
<b>Berjategund:</b>	Cabernet Sauvignon
<b>Vörunúmer:</b>	09340
<b>Verð:</b>	3590

## Hitastig vína

Freyðivín: 4-10°C

Hvítvín: 5-13°C

Rósavín: 5-7°C

Rauðvín: 12-20°C

Styrkt vín: 8-18°C

Venjulegur isskápshiti er í kringum 3-5°C og kælr vín um 4°C á klst. Óopnuð flaska hitnar um 4-5°C á stofuborði á klst.



**Tabiso Chardonnay** 🍷  
Kröftugt, ilmrikt og bragðmikið suður-afrískt hvítvín. Vinið hefur verið geymt á frönskum eikartunnum. Tabiso Chardonnay fékk 5 stjörnur af 5 mögulegum í www.vinavisen.dk í viku 35, 2004. Þetta er vel gert vín sem er best drukkíð meðan það er ungt. Mjög gott matarvín eða eitt og sér. Kraninn á boxinu þykir þægilegur og hefur fengið lof neytenda.  
*Megineinkenni:* Ljósstrágult. Meðalfylling, höfugt og þurrt með ferski ávaxtasýru.

<b>Árgangur:</b>	2004
<b>Uppruni:</b>	Suður-Afrika, Western Cape
<b>Framleiðandi:</b>	HEB
<b>Magn og vínandi:</b>	3000 ml 14,5%
<b>Berjategund:</b>	Chardonnay
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	Eftir opnun 4 - 6 vikur. 8 til 10°C
<b>Vörunúmer:</b>	05122
<b>Verð:</b>	3590



**Robertson Winery Chardonnay** 🍷🍷  
Það eru mörg góð vinræktarhéruð í Suður Afríku og er Robertson héraðið eitt það besta. Vinið hefur mjög mikið bragð af melónum og lime, það er mjög kremað, með talsverðan keim af hnetum sem kemur frá eik. Vinið er gott með laxi og jafnvel Thai-mat. Þetta er vín sem þarf að drekka frekar kalt, svo að það haldi ferskleika sínum. Hressandi vín!

*Megineinkenni:* Ljósgrængult. Tæp meðalfylling, þurrt, sýruríkt með léttum ávexti og blómlegum keim.

<b>Uppruni:</b>	Suður-Afrika, Western Cape
<b>Framleiðandi:</b>	Robertson Winery
<b>Magn og vínandi:</b>	3000 ml 13,5%
<b>Berjategund:</b>	Chardonnay
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	Eftir opnun 4 - 6 vikur. 8 til 10°C
<b>Vörunúmer:</b>	07608
<b>Verð:</b>	3490

# H V Í T V Í N / S T Y R K T V Í N



## Casa Lapostolle Chardonnay

Sérstaklega ferskt og aðlandi Chardonnay frá „Besta vínframleiðanda Chile 2003 og 2004“. Vandað vín í mjög góðu jafnvægi, mikill og fingerður ávöxtur: ananas, sítróna, ferskja. Hóflægir eikartónar og langt eftirbragð, þetta er dæmigert matarvín, sómir sér vel með öllum fiskrétunum, sérstaklega með humri og skel-fiski.

*Megineinkenni:* Ljósitrónugult. Bragðmikið, hófugt, þurr, mjúkt og sýruríkt með mikilli eik, og próttmiklum ávexti.

<b>Árgangur:</b>	2003
<b>Uppruni:</b>	Chile, Valle de Central, Aconcagua
<b>Framleiðandi:</b>	Casa Lapostolle S.A
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 14,5%
<b>Berjategund:</b>	Chardonnay
<b>Vörunúmer:</b>	05107
<b>Verð:</b>	1300



## Morandé Sauvignon Blanc

Pablo Morandé er höfundur margra vína Concha Y Toro. Fyrirtæki hans hefur nú skotist uppá stjórn-himin. Vinið er í senn ferskt og þroskað. Bragð þess er risandi með áberandi ávaxtabragði sem endar á suðrænan og seiðandi hátt. Í eftirbragði læðist fram rjómagragð og hentar vinið því vel með feittum sósum. Ferskt með heitum ávexti í enda, skemmtilegt matarvín. Njótið strax!

*Megineinkenni:* Fölgrænt. Tæp meðalfylling, þurr og ferskt með miklum grösugum og suðrænum ávexti.

<b>Árgangur:</b>	2004
<b>Uppruni:</b>	Chile, Valle de Central, Curico Valley
<b>Framleiðandi:</b>	Morandé
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13%
<b>Berjategund:</b>	Sauvignon Blanc
<b>Vörunúmer:</b>	05618
<b>Verð:</b>	1190



## Siete Soles Chardonnay

Goðsögnin um hinar sjö sólar (Siete Soles) er hoggin í klettana við gamalt Inkahof sem stendur nálægt Sur Andino vingerðinni sem þetta vín kemur frá. Þetta er létt og þægilegt vín, frísklegt og með keim af suðrænum ávöxtum. Fer vel með fiski, pasta, skeldýrum og salötum.

*Megineinkenni:* Ljósugulgrænt. Tæp meðalfylling, með léttum keim af eik, vanillu og ananas.

<b>Árgangur:</b>	2002
<b>Uppruni:</b>	Chile, Valle de Central
<b>Framleiðandi:</b>	Sur Andino S.A.
<b>Magn og vínandi:</b>	750 ml 13,5%
<b>Berjategund:</b>	Corvina
<b>Vörunúmer:</b>	05410
<b>Verð:</b>	930



## Bols Pisang Ambon

Pisang Ambon er búinn til samkvæmt aldagamalli hefð við líkjorsgerð frá Indónesíu. Bragðið er sérstakt og spennandi. Uppskriftin er leyndarmál en greinilega má finna fyrir sófum frá mörgum suðrænum ávöxtum og jurtum. Finn í blandaða sumardrykki þar sem ferskleiki er yfirráðandi.

*Megineinkenni:* Skærgreinn. Mjög sætt með perubróstsykursbragði.

<b>Árgangur:</b>	2003
<b>Uppruni:</b>	Holland
<b>Framleiðandi:</b>	Bols Royal Distilleries
<b>Magn og vínandi:</b>	500 ml 20%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	Eftir opnun 4-6 vikur
<b>Vörunúmer:</b>	09841
<b>Verð:</b>	1890



## La Belle Cream

Koniaks- og rjómalíkjörinn La Belle Cream er nýjung frá Koniaks-framleiðandanum Louis Royer. Hann er 17% að styrkleika, framleiddur með 100% koniak. Hann er mun léttari en hinir frægu írsku rjómalíkjörar. Hann er silkimjúkur, sætur en þurr með karamellu-kaffi og djúpan koniakskeim.

Frábær einn og sér á klaka, út á ís, í eftirrétta, út í kaldan espresso eða með kaffinu  
*Megineinkenni:* Ljósbrúnt. Þykkur og sætur með möndlu og karamellukeim.

<b>Uppruni:</b>	Frakkland
<b>Framleiðandi:</b>	Jules Bremant
<b>Magn og vínandi:</b>	700 ml 17%
<b>Kjörtími og kjörhiti:</b>	6-8°C
<b>Vörunúmer:</b>	07603
<b>Verð:</b>	1990



## Johann Strauss Mocca

Ljósbrúnn, angar af mildum kaffikeim. Nettur en þéttur keimur af mokka í blandi við súkkulaði í bragði.

*Megineinkenni:* Ljósbrúnn. Mjúk fylling, sætt með mokkaþragði.

<b>Uppruni:</b>	Austurríki
<b>Framleiðandi:</b>	Nannerl
<b>Magn og vínandi:</b>	500 ml 13,5%
<b>Vörunúmer:</b>	06241
<b>Verð:</b>	1760

S T E R K V Í N / B J Ó R



**Old Smuggler**

Litur: Fallega gullbrúnn. Ilmur: Margslunginn blóma og kryddilmur. Bygging: Opin, mjúk og flókin.  
 Bragð: Mjúkt og tært með keim af karamellum og lyngheiðarblómum. Endir: Einstaklega mjúkt með snert af viðarkolum og örllítili sætu.  
 Flókin blanda sem inniheldur yfir 40 viskitegundir.

*Megineinkenni:* Gullið. Meðalfylling með sætuvotti og mildum grösugum vanillu- og eikarkeim.

<b>Árgangur:</b>	2003
<b>Uppruni:</b>	Stóra Bretlandi, Skotland
<b>Framleiðandi:</b>	Jas. & Geo. Stodart Ltd.
<b>Magn og vínandi:</b>	700 ml 40%
<b>Vörunúmer:</b>	05634
<b>Verð:</b>	3190



**Fisherman Vodka Shot**

Fisherman er í dag eitt mest selda skotið í Danmörku og hefur fengið frábærar viðtökur á Íslandi. Fisherman er góður einn og sér en er einnig tilvalinn með góðum bjór.

Fisherman er bestur ískaldur.

*Megineinkenni:* Ljósbrúnn. Meðalfylling, hálssett með frisklegu mentol- og lakkrisbragði.

<b>Uppruni:</b>	Danmörk
<b>Framleiðandi:</b>	JSpiritus Distillers
<b>Magn og vínandi:</b>	700 ml 30%
<b>Vörunúmer:</b>	09108
<b>Verð:</b>	3290



**Warsteiner**

Warsteiner pilsnerbjór Premium Verum er nánast strágulur og með góðan haus fyrir pilsnerbjór.

Lyktin er grösug og ber á malti í henni og ná þessi einkenni yfir í bragðið. Maltið gerir hann nokkuð mikinn í munni miðað við lagerbjór og humlarnir í löngu eftirbragðinu eru grösugir.

Bragmikill pyskur pilsnerbjór.

*Megineinkenni:* Gullinn. Meðalfylling, þéttur, þurr og ferskur, með blómlegum humlum og léttu malti. Lítil beiskja.

<b>Uppruni:</b>	Þýskaland
<b>Framleiðandi:</b>	Warsteiner Brauerei
<b>Magn og vínandi:</b>	500 ml 4,8%
<b>Vörunúmer:</b>	06202
<b>Verð:</b>	229



**Egils Maltbjór**

Egils Maltbjór er dökkur 5,6% maltbjór með mikilli fyllingu, mildum biturleika og góðu eftirbragði. Bragðið af Egils Maltbjórnum minnir töluvert á Egils Malt sem bruggað hefur verið síðan 1913 hjá Ölgerðinni. Egils Maltbjór er dökk rauðbrúnn að lit og einkennist af þétu maltbragði auk þó nokkurri sætu.

*Megineinkenni:* Brúnn. Meðalfylling, þéttur, ferskur með sætuvotti og malt og lakkriseim. Lítil beiskja.

<b>Uppruni:</b>	Ísland
<b>Framleiðandi:</b>	Ölgerðin Egill Skallagrímss
<b>Magn og vínandi:</b>	500 ml 5,6%
<b>Vörunúmer:</b>	09119
<b>Verð:</b>	215


M A T A R T Á K N I N

**Matartáknin í Vínblaðinu**

Notuð eru tákn sem gefa til kynna hvaða matur geti passað við tiltekin vín.

- |                         |                       |                                  |
|-------------------------|-----------------------|----------------------------------|
| ☞ Fordrykkir, smáréttir | 🍖 Lambakjöt           | 🍷 Ábætisréttir                   |
| 🐟 Fiskur                | 🍷 Villibráð           | 🌿 Sólpallavín                    |
| 🐠 Skelfiskur            | 🍷 Grillað kjöt        | 🍷 Tilbúið til að drekka          |
| 🍷 Grænmetisréttir       | 🍷 Austurlenskur matur | 🍷 Tilbúið að drekka, en má geyma |
| 🍷 Ljóst kjöt/svinakjöt  | 🍷 Ostar               | 🍷 Batnar við geymslu             |
| 🍷 Nautakjöt             | 🍷 Pasta/Pítsa         |                                  |

Notað með leyfi AS Vinmonopolet Noregi




# VÖRUSKRÁ GILDIR TIL 28. FEBRÚAR

## RAUÐVÍN

Tegundir sem eru merktar R eru í reynslusölu og fást aðeins í Heiðrónu og Krínglunni. ●R eru nýjar vörur í reynslusölu. Vörur sem merktar eru S eru í sérflokki og fást aðeins í Vinbúðinni Heiðrónu og Krínglunni.

v.nr.	heiti	ml, %	verð	v.nr.	heiti	ml, %	verð
 <b>Argentína</b> Argentína er eitt mesta vinframleiðsluland heims. Helstu þrúgur eru Malbec og Cabernet Sauvignon.							
<b>Mendoza</b>							
R 09421	A Crux Dökkfjólurautt. Kröftugt með þéttan kryddaðan ávöxt, eik og mjúkt tannin. 	750ml 14%	3.200	●R 09454	Norton Cabernet Sauvignon Dökkbrúbinrautt. Meðalfylling, sýruríkt með þurrkandi tanninum. Keimur af rauðum berjaávexti. 	750ml 13,5%	990
05093	Alamos Cabernet Sauvignon Fjölublátt. Ilmíkt, eikar og berjalmur. Bragðmikið, þétt, nokkuð tannískt bragð. 	750ml 14%	1.290	●R 09461	Norton Cabernet Sauvignon Reserve Dökkbrúbinrautt. Þétt fylling, þurrt með ferskri sýru. Ber og ávöxtur með krydduðum eikarkeim. Ungt. 	750ml 14%	1.390
05095	Alamos Malbec Fjólurautt. Bragðmikið, þétt, með krydduðum berja- kaffi- og eikarkeim. 	750ml 13,5%	1.290	●R 09486	Norton Malbec Rúbinrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með stömu skógarberjabragði. 	750ml 13,5%	990
